



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/106

Alþingi

Erindi nr. D 117 11/86

Suðurlandsbraut 6

108 Reykjavík

Sími/Tel.: +354-(9)-1-681612

Telefax: +354-(9)-1-689664

komudagur 6 14 1994

5. apríl 1994.

Alþingi Íslendinga,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi, 450. mál.

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 22. mars s.l., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi. Fulltrúum Sambands íslenskra tryggingafélaga hefur gefist kostur á því að fylgjast með samningu þessa lagafrumvarps jöfnum höndum, en frumvarpið hefur vissulega mikla þýðingu varðandi rekstur váttryggingarfélaganna, ef af lögum verður. Þannig átti S.Í.T. m.a. fulltrúa í nefnd, sem á sínum tíma var skipuð af ráðherra til að endurskoða núgildandi lög um váttryggingarstarfsemi. Sú nefnd skilaði niðurstöðum sínum haustið 1992, og er þetta frumvarp að mörgu leyti byggt á því nefndaráliti, sem raunar var lagt fram í frumvarpsformi á Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Við samningu þessa frumvarps, sem hér er til umfjöllunar, hefur verið tekið tillit til ýmissa breytinga, sem orðið hafa á Evrópulöggjöf á váttryggingasviði frá því að frumvarpið var upphaflega lagt fram, og hefur S.Í.T. einnig gefist kostur á því að fylgjast með því starfi. Þar sem m.a. mörg efnisatriði frumvarpsins eru í raun reglur Evrópusambandsins á váttryggingasviði, sem Íslendingum er beinlínis skylt að lögtaka vegna sammingsins um EES, og eins vegna þess, að Samband íslenskra tryggingafélaga hefur átt þess kost að skýra sjónarmið sín á fyrri stigum máls, verða beinar athugasemdir við efni frumvarpsins ekki miklar að vöxtum. Áður en farið verður að ræða þau atriði, er rétt að ítreka, að Samband íslenskra tryggingafélaga mælir með því að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi. Leggja verður þó ríka áherslu á, að brýnt er að önnur frumvörp á váttryggingasviði sem beint og óbeint tengjast EES-aðildinni, t.d. frumvarp um brunatryggingar húseigna, fái afgreiðslu á Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

1. Í 3. mgr. 27. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á samþykktum váttryggingafélags. Ákvæðið er svohljóðandi: "Breytingar á samþykktum váttryggingafélags öðlast ekki gildi fyrr en Váttryggingaeftirlitið hefur staðfest þær. Beiðni um staðfestingu á breytingum á samþykktum félags skal send innan eins mánaðar. Félagið skal senda dagsett eintak af samþykktum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið innan tveggja mánaða frá því að félaginu hefur verið tilkynnt um staðfestinguna."

Verði þetta ákvæði samþykkt óbreytt, gæti það leitt til einkennilegrar niðurstöðu, sem gengi í berhöggi við viðteknar venjur félagaréttar hér á landi. Til skýringar má nefna eftirfarandi dæmi: Aðalfundur hlutafélags samþykkir þá breytingu á samþykktum félagsins, að stjórnarmönnum skuli fjölgað úr fimm í sjö. Á þeim sama aðalfundi kemur þessi breyting strax til framkvæmda, og sjö stjórnarmenn verða kjörnir. Miðað við ofangreint ákvæði frumvarpsins yrði hins vegar fyrst að leita samþykkis Váttryggingaeftirlits á breytingunni, sem aðalfundur váttryggingarfélags samþykkti, áður en hún kæmi til framkvæmda. Það hefði svo í för með sér, að ekki yrði unnt að kjósa sjö stjórnarmenn á þeim fundi. Þetta einfalda skýringardæmi sýnir um hvað vandinn snýst, og að þetta ákvæði gengur ekki upp í framkvæmd. Áréttu ber í þessu sambandi að tilhögun af því tagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er alls **ekki** lögskyld skv. EES-reglum (sjá 3. tilsk. EES um skaðatryggingar). Því er lagt til, að 3. mgr. 27. gr. frumvarpsins verði breytt og verði svohljóðandi:

"Breytingar á samþykktum váttryggingafélags ber að senda Váttryggingaeftirlitinu innan viku frá samþykkt þeirra. Geri Váttryggingaeftirlitið ekki athugasemd við þær breytingar ber félaginu innan tveggja mánaða að senda því dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum, sem samþykktar hafa verið."

Ofangreint orðalag kemur ekki í veg fyrir að Váttryggingaeftirlitið við sérstakar aðstæður hafi afskipti af breytingum á samþykktum váttryggingafélaga. Slík afskipti yrðu þó "eftir á" en ekki "fyrirfram". Í þessu sambandi er og rétt að nefna 4. mgr. 41. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir því að allar ákvarðanir varðandi hækkun eða lækkun á hlutafé skuli ætíð háðar samþykki Váttryggingaeftirlitsins. Afskiptaréttur Váttryggingaeftirlitsins er réttilega ríkur í þessu efni, en sams konar ákvæði varðandi breytingar að öðru leyti á samþykktum félaganna eru til óþurftar eins og skýrt var hér að framan.

2. Í 47. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skyldu váttryggingafélaga til að senda Váttryggingaeftirliti endurskoðaðan og undirritaðan ársreikning innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs. Ábendingar hafa komið fram þess efnis, að fyrir einhver váttryggingafélög, m.a. bátaábyrgðarfélögin, kunni

Þessi frestur að vera of skammur. Því er lagt til, að í stað fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs verði miðað við fimm mánuði.

3. Í 3. mgr. 60. gr. frumvarpsins segir, að hafi samningur um líftryggingu komist á og sé um einstaklingslíftryggingu að ræða, skuli félagið tilkynna váttryggingartaka skriflega um gildistöku samningsins. Váttryggingartaki skuli hafa 30 daga frest til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynningin.

Í reglum ESB um þetta efni (2. tilsk. 90/619/EBE um líftryggingar) er við það miðað, að ríki skuli setja ákvæði í lög um þennan "iðrunarrétt" neytenda vegna líftrygginga, og megi frestur vera á bilinu 14 til 30 dagar. Jafnframt er í reglum ESB heimilað, að sé um að ræða líftryggingar til skemmri tíma en 6 mánaða, eigi þessi almenni iðrunar- og uppsagnarréttur ekki við. Er það rökstutt með því, að eigi neytandinn svo skýlausan uppsagnarrétt í skammtímatryggingum, þá bjóði það upp á misnotkun.

Þótt önnur ríki t.d. Danmörk, miði aðeins við 14 daga uppsagnarrétt í þessum tilvikum, gerir Samband íslenskra tryggingafélaga ekki athugasemdir við rýmri rétt neytenda hér á landi, þ.e. að hér gildi 30 daga uppsagnarréttur. Á hinn bóginn gerir Samband íslenskra tryggingafélaga kröfu til þess, að eðlilegra varnaðarsjónarmiða sé gætt í þessu efni, eins og í öðrum ríkjum, þannig að þessi réttur sé fyrst og fremst bundinn við það, að keyptar hafi verið váttryggingar til nokkurs tíma. Því er lagt til, að 3. mgr. 60. gr. verði breytt, og orðist svo (feitletruðu orðin eru viðbót): "Hafi samningur um líftryggingu til a.m.k. sex mánaða komist á og sé um einstaklingslíftryggingu að ræða, skal félagið tilkynna váttryggingartaka skriflega um gildistöku samningsins. Váttryggingartaki skal hafa 30 daga frest til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynningin. Skrifleg uppsögn leysir aðila undan öllum skyldum sem síðar hefðu leitt af samningnum. Réttaráhrif og skilyrði uppsagnar fara að öðru leyti eftir þeim lögum sem um samninginn gilda."

Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga þakkar heilbrigðis- og trygginganefnd það, að S.Í.T. hafi gefist kostur á því að tjá sig um þingmál þetta. Jafnframt eru fulltrúar Sambands íslenskra tryggingafélaga reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar, og ræða efni frumvarpsins nánar, verði þess óskað.

Með vinsæld og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson